

Skýrsla svæðisstjóra Þórssvæðis

Á dagskrá svæðisins fyrir þetta starfsár voru 2 svæðisráðstefnur – vor og haust. Dagskrá var með hefðbundnu sniði auk þess að boðið var upp á fræðslu og mikið fjallað um fyrirhugaðar breytingar á svæðaskipulagi. Í tilefni af þeim breytingum var vorráðstefnan sameiginleg með Eddusvæðinu.

Innan svæðanna hafði verið unnin vandaður undirbúningur fyrir þessa sameiginlegu ráðstefnu og voru þar lagðar fram og samþykktar tillögur frá svæðisstjórnunum stjórn og starfsskipan á hinu nýja svæði sem fengið hefur nafnið Freyjusvæði – en klúbbarnir í Færeyjum völdu að nefna sitt svæði Færeyjasvæði og hafa þeir einnig fjallað um starfsemi þess með svipuðum hætti og gert var á þessari svæðisráðstefnu vegna Freyjusvæðis.

Það var einróma álit allra þátttakenda að þessi sameiginlega svæðisráðstefna hefði heppnast mjög vel og gefið góðan forsmekk að því sem koma skal með stærri og öflugri svæðum og þar með fjölmennari svæðisráðstefnum og vonandi öflugra starfi að öllu leyti.

Almennt var vel mætt á svæðisráðstefnur af klúbbunum, utan þess að engir fulltrúar voru frá klúbbunum í Færeyjum sem væntanlega skýrist af háum ferðakostnaði og er vonandi að breyting verði á þátttöku klúbbanna þar með stofnun Færeyjasvæðis.

Færeyjaklúbbarnir Tórshavn og Rósan í Færeyjum, héldu upp á afmæli sitt í sumar með veglegum hætti. Svæðisstjóri átti því miður ekki heimangengt á þeim tíma, en sæti umdæmisstjórnar var þó vel skipað á þessum fagnaði, þar sem umdæmisstjóri heimsótti klúbbana að þessu tilefni, auk þess að þar var nokkuð fjölmenni annarra gesta frá Íslandi.

Starf klúbba á Þórssvæðinu hefur verið með ágætum á starfsárinu. Að vísu hefur fækkað nokkuð félögum og eru félagar nú aðeins 159 en voru 164 í upphafi starfsárs. Klúbbarnir lögðu að venju hönd á plóginn við sameiginleg verkefni eins og K-dag og Hjálmaverkefni, en auk þess söfnuðu þeir rúmum 9 milljónum króna á starfsárinu, lögðu fram yfir 4 þúsund klukkustundir í vinnu og úthlutuðu tæpum 7 milljónum króna til líknarmála. Þessir þættir félagsstarfsins mega því teljast í góðu lagi þar sem félagar á Þórssvæðinu eru 17% af félagafjölda í umdæminu en fjársafnanir þeirra nema 28% af samanlagðri söfnun klúbbanna, vinnuframlag er 21% af heild og úthlutun til líknarmála er 30% af heildarúthlutunum klúbbanna. Mætingar á klúbbfundi eru um 74% sem er jafnt meðaltali í umdæminu.

Klúbbarnir stóðu sig flestir allvel í skýrsluskilum þó að vísu verði að segjast að þar skera sig úr sumir klúbbanna í Færeyjum sem þurfti að ýta verulega á eftir vegna skýrsluskila og eins og sjá má í skýrslu ritara, vantar nokkuð af skýrslum enn frá sumum klúbbanna þó aðrir hafi tekið sig á í þessum efnum er leið á starfsárið.

Að endingu þakkar svæðisstjóri gott samstaf meðstjórnendum sínum þeim Herði Mar, kjörsvæðisstjóra og Jóni Eiríkssyni, fráfarandi svæðisstjóra og ritara sem og forsetum og riturum klúbbanna og umdæmisstjórn. Þá er rétt, nú þegar lýkur síðasta starfsári Þórssvæðis, að þakka gott samstarfs og ánægjuleg kynni innan svæðisins á liðnum árum um leið og fagnað er stofnun nýrra svæða og þeim óskað velfarnaðar í sínu starfi.

Ingólfur Friðgeirsson
Svæðisstjóri Þórssvæðis